34. gr. 88

Reksturskostnaður af áhættuþóknun, svo og ef ágóði verður af ákvæðisvinnu 13. maí
eða þeim verkum, er um getur í 33. gr., skal leggjast í framkvæmdasjóð.

VIII. KAFLI

Um breyting samþykkta og hvernig samþykkt verði úr gildi felld.

35. gr.

Tillögur, er fram kunna að koma til breytinga á húsagerðarsamþykkt, skulu sendast félagsdeildum til umsagnar. Þær skulu síðan lagðar fyrir aðalfund hlutaðeigandi húsagerðarsambands. Samþykki löglegur aðalfundur breytingarnar með að minnsta kosti ⅔ atkvæðisbærra fulltrúa, skal stjórn sambandsins senda breytingarnar til Búnaðarfélags Íslands, er leitar staðfestingar landbúnaðarráðherra á þeim.

36. gr.

Samþykktir þessar má því aðeins nema úr gildi, að rökstutt álit meiri hluta samþykktaraðila liggi fyrir um, að tilgangi samþykktar verði ekki náð, og að lögmætur aðalfundur hlutaðeigandi sambands samþykki það með að minnsta kosti ⅔ atkvæðisbærra fulltrúa, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

37. gr.

Brot gegn lögum og reglugerð þessari varðar sektum til ríkissjóðs frá 100—5000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Mál út af brotum skulu sæta meðferð opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 13. maí 1947.

Bjarni Ásgeirsson.

Árni G. Eylands.

GJALDSKRÁ 89

24. marz

fyrir flugvöllinn í Keflavík.

1. **Lendingargjöld:**

Fyrir hverja lendingu skal greiða lendingargjald, kr. 6.00 á hvert tonn flugvélarinnar, allt að 20 tonnum, en kr. 3.00 á hvert tonn, sem þar er fram yfir. Brot úr tonni reiknast sem heilt tonn. Miða skal við leyfðan hámarksþunga flugvélarinnar brúttó (Aircraft Gross Weight). Minnsta gjald er kr. 10.00.

2. **Flugskýlisleiga:** . .

Fyrir heil flugskýli reiknast ársleiga kr. 36.00 á hvern m² gólfflatar. Fyrir hluta úr skýli reiknast leigan kr. 5.00 á m² á mánuði, en kr. 50.00 á m² á ári, ef leigt er til eins árs í senn eða lengur.

89 24. marz

Ef einstakar flugvélar eru teknar til geymslu í skýlum flugvallarins reiknast flugskýlisleiga sem hér segir:

Vænghaf flugvélar:	Leiga á sólarhring:	Leiga á mánuði:
Undir 12 m	kr. 10.00	kr. 100.00
12—15 —	— 25.00	— 200.00
15—18 —	— 40.00	— 300.00
18—21 —	— 55.00	— 400.00
21—24 —	— 70.00	— 500.00
24—27 —	— 80.00	— 600.00
27—30 —	— 90.00	— 700.00
Yfir 30 —	— 100.00	— 1000.00

3. **Stæðis- og festargjöld:**
Stæðisgjald er ekkert fyrir fyrstu 6 klst., en fyrir næstu 24 klst. eða brot þar af, skulu greidd stæðisgjöld sem hér segir:

Vænghaf flugvélar:	Leiga á sólarhring:
Undir 12 m	kr. 10.00
12—18 —	— 20.00
18—24 —	— 30.00
24—30 —	— 40.00
Yfir 30 —	— 45.00

Sé um lengri tíma en viku að ræða, lækka stæðisgjöldin um 50% fyrir þann tíma, sem fram yfir er. Tjóðurhringir skulu vera fyrir hendi á öllum flugvélastæðum.

4. **Leiga fyrir skemmur og bragga:**
Mánaðarleiga kr. 1.75 fyrir m² af gólffleti eða sem hér segir:
Stórar vöruskemmur (300 m²) ..... kr. 500.00 á mánuði.
Stórir braggar (110 m²) ..... — 190.00 á mánuði.
Venjulegir braggar (55 m²) ..... — 95.00 á mánuði.

5. **Leiga fyrir steinsteypt plön:**
Ársleiga kr. 2.50 fyrir hvern m².

6. **Lóðarleiga:**
Ársleiga kr. 2.00—7.00 fyrir hvern m² eftir verðmæti lóðarinnar, til hvers hún er notuð og leigutíma.

7. **Gjald af flugvélabenzíni:**
Af flugvélabenzíni, sem afgreitt er á flugvellinum eða frá honum skal greiða flugvellinum gjald sem hér segir:
Á hvern benzínlítra kr. 0.09.
Á hvert U.S.-gallon — 0.34.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 7. gr. laga nr. 24 12. febrúar 1945, um flugvelli og lendingarstaði fyrir flugvélar, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 24. marz 1947.

Eysteinn Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.